

149. löggjafarþing 2018–2019.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á efnalögum nr. 61/2013.

Frá umhverfis- og auðlindaráðherra.

DRÖG

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. *Við bætist nýr töluliður, tölul. 12. a. sem orðast svo:*

Faggilding merkir aðferð sem þar til bær aðili beitir til að veita formlega viðurkenningu á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o. fl.

- b. 22. tölul. orðast svo:

Markaðssetning: Það að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir lög þessi eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur og notkun er markaðssetning.

- a. Hvað varðar plöntuverndarvörur er markaðssetning það að hafa umráð með sölu í, þ.m.t. að bjóða til sölu eða afhendingar í öðru formi, gegn gjaldi eða endurgjaldslaust, og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar að undanskilinni endursendingu til fyrri seljanda. Afgreiðsla í frjálst flæði inn á EES-svæði telst setning á markað.
- b. Hvað varðar sæfivörur er markaðssetning það að bjóða tiltekna sæfivöru eða meðhöndlaða vöru fram í fyrsta sinn á markaði, þ.m.t öll afhending sæfivöru eða meðhöndlaðrar vöru til dreifingar eða notkunar á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds.

- c. 27. tölul. orðast svo:

Notendaleyfi: Leyfi sem veitir nafngreindum einstaklingi heimild til að kaupa og nota í atvinnuskyni plöntuverndarvörur í landbúnaði og garðyrkju eða útrýmingarefni til eyðingar meindýra.

- d. Á eftir 27. tölul. kemur nýr töluliður; tölul. 27. b, svohljóðandi:

Notkun í atvinnuskyni: Notkun efna, efnablöndu eða örvera sem krefst sérstakrar kunnáttu eða markast af tilgreindu notkunarsviði eða notkunarsviðum, þar á meðal notkun eiturefna, plöntuverndarvara og útrýmingarefna.

- e. Á eftir 31. tölul. kemur nýr töluliður; tölul. 31. b, svohljóðandi:

Sambandsleyfi: Stjórnvaldsáðgerð þar sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins heimilar að sæfivara eða flokkur skyldra sæfivara sé boðin fram á markaði og notuð á yfirráðasvæði Evrópusambandsins eða hluta þess.

- f. Í stað orðanna „sértækra nota“ í 32. tölul. kemur: notkunar í atvinnuskyni.

- g. 33. tölul. fellur á brott.

- h. 41. tölul. orðast svo:

Nagdýraeitur, lindýraeitur, ormaeitur og vörur til að verjast öðrum hryggleysingjum, skordýraeitur og mítlasæfar og vörur til að verjast liðdýrum.

- i. 42. tölul. fellur á brott.

- j. Við 45. tölul. bætist við: , sem tekin hafa verið saman í samræmi við kröfur um form og innihald öryggisblaða sem settar eru í reglugerð

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „varnarefna“ í 5. tölul. kemur: plöntuverndarvara.

- b. Í stað orðanna „á varnarefnum“ í 9. tölul. kemur: plöntuverndarvörum og sæfivörum.

- c. Í stað orðanna „og tiltekinna varnarefnum“ í 11. tölul. kemur: , sem og plöntuverndarvara og útrýmingarefna til notkunar í atvinnuskyni.
- d. 12. tölul. fellur á brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. 2. tölul. orðast svo: hafa eftirlit með meðferð, merkingum efna og efnablandna og öðrum þáttum sem falla undir lög þessi í starfsleyfisskyldri og skráningarskyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndin gefur út og/eða hefur eftirlit með á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Leiki grunur á um brot á þáttum sem falla undir lög þessi skal heilbrigðisnefnd tilkynna um það til Umhverfisstofnunar á þann hátt sem stofnunin ákveður.
- b. 4. tölul. fellur á brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „varnarefna“ í 3. tölul. kemur: plöntuverndarvara
- b. 4. tölul. orðast svo: tilkynna Umhverfisstofnun á þann hátt sem stofnunin ákveður ef grunur leikur á um brot á þáttum sem falla undir lög þessi og eftir atvikum að upplýsa slökkvilið um framkvæmd og niðurstöður eftirlits samkvæmt ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- c. Við bætist nýr töluliður, 5. tölul. sem orðast svo: taka saman upplýsingar eftir atvikum um atvinnusjúkdóma sem tengjast sæfivörum, einkum að því er varðar viðkvæma hópa og allar ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr áhættunni á frekari tilvikum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „eða varnarefnis“ kemur: , plöntuverndarvöru eða sæfivöru.
- b. Við bætist nýr töluliður, 3. tölul. sem orðast svo: taka saman upplýsingar um öll tilvik eitrunar vegna sæfivara og allar ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr áhættunni á frekari tilvikum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 11. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „varnarefna“ í stafl. f. í 2. tölul. kemur: plöntuverndarvara og sæfivara.
- b. Í stað orðsins „Varnarefni“ í heiti 3 tölul. kemur: Plöntuverndarvörur og sæfivörur.
- c. Í stað orðsins „varnarefna“ í stafl. a. í 3. tölul. kemur: plöntuverndarvara.
- d. Á eftir „markaðsleyfis,“ í stafl. b. í 3. tölul. kemur: sem og afgreiðslu sambandsleyfa,.
- e. Í stað orðsins „varnarefna“ í stafl. c. í 3. tölul. kemur: plöntuverndarvara og sæfivara.
- f. Í stað orðsins „varnarefnum“ í stafl. e. og i. í 3. tölul. kemur: plöntuverndarvörum og sæfivörum.
- g. Í stað orðsins „varnarefna“ í stafl. f. í 3. tölul. kemur: plöntuverndarvörur og sæfivörur.
- h. Í stað orðsins „varnarefna“ í stafl. g. og h. í 3. tölul. kemur: plöntuverndarvara.
- i. Í stað orðanna „og varnarefna“ í 12. tölul. kemur: , sem og plöntuverndarvara og útrýmingarefna til notkunar í atvinnuskyni.
- j. Í stað orðanna „tiltekinna varnarefna“ í 14. tölul. kemur: , sem og plöntuverndarvara og útrýmingarefna til notkunar í atvinnuskyni.
- k. Í stað orðsins „varnarefna“ í 15. tölul. kemur: plöntuverndarvara og útrýmingarefna.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „varnarefni“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: plöntuverndarvörur og útrýmingarefni.
- b. Í stað orðanna „og tiltekin varnarefni“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: , sem og plöntuverndarvörur og útrýmingarefni til notkunar í atvinnuskyni.
- c. Í stað orðsins „varnarefna“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: , sem og plöntuverndarvara og útrýmingarefna til notkunar í atvinnuskyni.

8. gr.

Í stað orðsins „varnarefnum“ í 19. gr. kemur: þar á meðal plöntuverndarvörum og sæfivörum.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

- a. 1. mgr. fellur á brott.
- b. Í stað orðanna „Tollstjóra er heimilt að“ í 1. málsl. 2. mgr. sem verður 1. mgr. kemur: Tollstjóri skal.

10. gr.

Í stað orðsins „varnarefni“ í 2. mgr. 21. gr. kemur: þar á meðal plöntuverndarvörur og sæfivörur.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

- a. 1. og 4. málsl. 1. mgr. falla á brott.
- b. Í stað orðanna „og tilteknun varnarefnum“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: sem og plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum til notkunar í atvinnuskyni.
- c. Í stað orðanna „og tiltekin varnarefni“ í 3. málsl. í 1. mgr. kemur: sem og plöntuverndarvörur og útrýmingarefni til notkunar í atvinnuskyni.
- d. Í stað orðanna: „sýna skilríki og kvitta fyrir móttöku“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: framvísa skilríki til að staðfesta á sér deili.
- e. Í stað orðanna „eiturefna og tiltekinna varnarefna“ í 6. málsl. 1. mgr. kemur: hættulegra efna.
- f. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Peir sem markaðssetja eiturefni, sem og plöntuverndarvörur og útrýmingarefnum til notkunar í atvinnuskyni, skulu tilnefna nafngreindan ábyrgðaraðila til að tryggja að nægjanleg fagþekking sé innan fyrirtækisins og skal hann vera til taks þegar sala fer fram.
- g. Á eftir 2. málsl. 2. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Tilkynna skal Umhverfisstofnun um tilnefningu ábyrgðaraðila.
- h. 3. mgr. orðist svo: Sá sem markaðssetur eiturefni, sem og plöntuverndarvörur og útrýmingarefni til notkunar í atvinnuskyni ber ábyrgð á því að einungis þeim sem mega kaupa, nota og veita viðtöku eiturefnum, sem og plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum til notkunar í atvinnuskyni séu afhent umrædd efni eða vörur, þar á meðal þeim sem hafa gild notendaleyfi frá Umhverfisstofnun eða eiturefnaleyfi frá Vinnueftirliti ríkisins. Þá bera þeir ábyrgð á að veita almennum kaupendum upplýsingar um örugga meðhöndlun slíkra efna og vara.
- i. Fyrirsögn greinarinnar verður svohljóðandi: *Markaðssetning eiturefna sem og plöntuverndarvara og útrýmingarefna til notkunar í atvinnuskyni.*

12. gr.

2. mgr. 30. gr. orðist svo: Öryggisblöð skulu vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku.

13. gr.

Við 2. málsl. 1. mgr. 32. gr. bætist: í samræmi við ákvæði reglugerðar, sbr. 11. gr.

14. gr.

Fyrirsögn VII. kafla verður: **Sæfivörur og plöntuverndarvörur.**

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr.:

- a. Í stað orðsins „varnarefna“ hvarvetna í greininni kemur: plöntuverndarvara
- b. Fyrirsögn greinarinnar verður svohljóðandi: *Áætlun um notkun plöntuverndavara.*

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr.:

- a. Í stað orðanna „Varnarefna sem sett“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Plöntuverndarvörur og sæfivörur sem settar.
- b. Í stað orðanna „varnarefna nema þau“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: og nota sæfivörur og plöntuverndarvörur nema þær.
- c. Í stað orðsins „varnarefna“ í 5. málsl. 1. mgr. kemur: plöntuverndarvara og sæfivara.
- d. Í stað orðsins „varnarefni“ í 5. málsl. 1. mgr. kemur: plöntuverndarvörur og sæfivörur.
- e. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 2. mgr. sem orðast svo: Þegar framkvæmdastjórn Evrópusambandsins veitir sambandsleyfi fyrir sæfivöru eða ákvæður að sambandsleyfi fyrir sæfivöru hafi ekki verið veitt skal Umhverfisstofnun taka samsvarandi ákvörðun samtímis, þ.e. áður en 30

dagar eru liðnir frá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Birting ákvörðunar á vefsíðu Umhverfisstofnunar telst opinber birting. Ráðherra setur í reglugerð, sbr. 3. tölul. 11. gr. nánari ákvæði um sambandsleyfi.

- f. Í stað orðsins „varnarefni“ í 1. málsl. 2. mgr. sem verður 3. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. sem verður 4. mgr. kemur: plöntuverndarvörur og sæfivörur.
- g. 4. mgr. fellur á brott.
- h. 5. mgr. orðist svo: Ráðherra skal í reglugerð, sbr. 11. gr., takmarka notkun plöntuverndarvara og útrýmingarefna til notkunar í atvinnuskyni við þá sem hafa notendaleyfi og sölu plöntuverndarvara og útrýmingarefna til notkunar í atvinnuskyni við þá sem hafa tilkynnt um markaðssetningu slíkra efna, sbr. 24. gr.
- i. Fyrirsögn greinarinnar verður svohljóðandi: *Markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörum og sæfivörum.*

17. gr.

1. og 2. málsl. 36. gr. orðist svo: Umhverfisstofnun getur veitt leyfi fyrir hliðstæðum viðskiptum með plöntuverndarvöru og sæfivöru sem hefur fengið markaðsleyfi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu ef varan er sambærileg og vara sem þegar hefur fengið markaðsleyfi hér á landi. Leyfið er háð því að plöntuverndarvaran eða sæfivarana uppfylli viðmið sem sett eru í reglugerð þannig að það sé að öllu leyti sambærilegt við plöntuverndarvöru eða sæfivöru sem þegar hefur fengið markaðsleyfi á Íslandi, sbr. 35. gr.

18. gr.

Í stað orðsins „varnarefna“ í 1. mgr. 37. gr. kemur: plöntuverndarvara.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr.:

- a. Í stað orðanna „Varnarefni skulu merkt“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Plöntuverndarvörur og sæfivörur skulu merktar.
- b. Í stað orðsins „varnarefni“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: plöntuverndarvörur og sæfivörur.
- c. Í stað orðsins „varnarefna“ í 2. mgr. kemur: plöntuverndarvara og sæfivara.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr.:

- a. Í stað orðsins „varnarefna“ í 1. og 6. mgr. kemur: plöntuverndarvara og sæfivara.
- b. Í stað orðsins „varnarefnum“ í 2., 3. og 4. mgr. kemur: plöntuverndarvörum og sæfivörum.

21. gr.

Í stað orðanna „og kvitta fyrir móttöku“ í 2. ml. 1. mgr. 45. gr. kemur: til að staðfesta á sér deili.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr.:

- a. Í stað orðsins „varnarefni“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: plöntuverndarvörur og útrýmingarefni.
- b. Í stað orðsins „varnarefna“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: plöntuverndarvara og útrýmingarefna.
- c. Í stað orðsins „varnarefni“ í 2. mgr. kemur: plöntuverndarvörur og útrýmingarefni til notkunar í atvinnuskyni.
- d. Fyrirsögn greinarinnar verður svohljóðandi: *Kaup og viðtaka plöntuverndarvara og útrýmingarefna til notkunar í atvinnuskyni.*

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr.:

- a. Í stað orðsins „varnarefni“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: plöntuverndarvörur og útrýmingarefni.
- b. Í stað orðsins „varnarefna“ í stafl. a. í 3. málsl. 2. mgr. kemur: plöntuverndarvara og útrýmingarefna.
- c. 3. mgr. orðast svo: Notendaleyfi skulu gefin út til átta ára. Framlengja má notendaleyfi í allt að tvö ár hafi umsækjandi ekki komist á námskeið, sbr. a. lið 2. mgr. Notendaleyfi skal gefið út á einstakling og í því skal tilgreina notkunarsvið og þær takmarkanir sem um meðferð efnanna gilda. Heimilt er að binda notendaleyfi því skilyrði að aðstaða eða búnaður leyfishafa sé yfirfarinn reglulega af Vinnueftirliti ríkisins.
- d. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, sem verður 4. mgr., svohljóðandi: Umhverfisstofnun er heimilt að endurnýja notendaleyfi til átta ára í senn. Skilyrði fyrir endurnýjun notendaleyfis er að

umsækjandi hafi, eftir því sem við á, lokið námi eða námskeiði þar sem fjallað er um meðferð plöntuverndarvara eða útrýmingarefna, svo og um lög og reglur sem á því sviði gilda. Umsækjandi skal hafa staðist próf sem sýnir fram á viðhald þekkingar hans. Með umsókn um endurnýjun notendaleyfis skal fylgja staðfesting á skoðun Vinnueftirlits ríkisins á aðstöðu og búnaði umsækjanda vegna endurnýjunar kemur: plöntuverndarvörur og útrýmingarefni til notkunar í atvinnuskyni.

- e. Fyrirsögn greinarinnar verður svohljóðandi: *Kaup og viðtaka plöntuverndarvara og útrýmingarefna til notkunar í atvinnuskyni.*

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr.:

- Í stað orðsins „varnarefna“ í 1. og 6. tölul. 1. mgr. kemur: fyrir plöntuverndarvörur og sæfivörur.
3. tölul. 1. mgr. orðist svo: Útgáfu vottorða fyrir ábyrgðaðila, sbr. 24. gr. sem hafa lokið námi eða námskeiði, sbr. a. lið 2. mgr. 47. gr.
7. tölul. 1. mgr. fellur á brott.
- Á eftir orðinu „eftirlit“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: , beitingu þvingunarúrræða.

25. gr.

Fyrirsögn XIII. kafla verður: **Þvingunarúrræði og bráðabirgðaúrræði.**

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr.:

- Í stað orðanna „stöðvun markaðssetningar á vöru um stundarsakir“ í 3. mgr. kemur: tímabundin stöðvun markaðssetningar á vöru.
- Fyrirsögn greinarinnar verður svohljóðandi: *Tímabundin stöðvun markaðssetningar á vöru.*

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr.:

- Í stað orðanna „tiltekenna varnarefna“ í stafl. 2. í 1. mgr. kemur: , svo og plöntuverndarvara og útrýmingarefna til notkunar í atvinnuskyni.
- Í stað orðanna „varnarefna“ í stafl. 7. í 1. mgr. kemur: fyrir plöntuverndarvörur og sæfivörur.
- Við greinina bætast við tveir töluliðir tölul. 11. a. og 11. b. svohljóðandi:
11. a. Ákvæðum um markaðssetningu flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, sbr. 44. gr. b.
11.b. Ákvæðum um magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, sbr. 44. gr. c.
d. Við greinina bætast við tveir töluliðir tölul. 14. og 15. svohljóðandi:
14. Ákvæðum um að eldsneytisbirgjar skulu árlega senda Umhverfisstofnun skýrslu um styrk gróðurhúsalofttegunda úr eldsneyti og orku, sbr. 2. mgr. 47. gr. m.
15. Ákvæðum um að eldsneytisbirgjar skulu draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr eldsneyti og afhentri orku, sbr. 3. mgr. 47. gr. m. um allt að 10% fyrir 31. desember 2020. Birgjar skila árlegri skýrslu þar sem hægt er að vakta þessa miðnkun. Sé þessum kröfum ekki mætt þarf heimild til beitingar stjórnvaldssekta

28. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðast svo:

Skráningar plöntuverndarvara samkvæmt ákvæðum brottfallinna laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, og reglugerðar nr. 50/1984, um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkjum og til útrýmingar meindýra, féllu úr gildi við gildistöku efnalaga þessara. Aðilar sem voru við gildistöku efnalaga með gilda skráningu plöntuverndarvara, sbr. yfirlit yfir plöntulyf, örgresiefni (illgresiseyða), stýriefni og útrýmingarefni, er flytja má til landsins, selja eða nota, sbr. 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 50/1984 og skrá yfir framleiðendur og umboðsmenn, ásamt samheitaskrá (frá 7. apríl 2003, með síðari breytingum), geta innan árs frá gildistöku laga þessara sótt um skráningu á plöntuverndarvöru til Umhverfisstofnunar sem heimilar þeim að flytja til landsins, selja eða nota viðkomandi plöntuverndarvöru. Umhverfisstofnun skal skrá plöntuverndarvöruna og er sú skráning tímabundin. Umhverfisstofnun er heimilt við skráningu plöntuverndarvöru að takmarka notkun hennar við notkun í atvinnuskyni. Tímabundin skráning Umhverfisstofnunar gildir:

- í 12 mánuði frá því að virka efnið í vörunni hefur verið áhættumetið og samþykki fyrir því endurnýjað í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 11. gr., og á meðan afgreiðsla umsóknar um markaðsleyfi,

sem sótt hefur verið um fyrir vörunni í samræmi við ákvæði 35. gr. er í vinnslu eða b. þar til virka efnið í vörunni verður bannað á Íslandi með reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 11. gr. Umhverfisstofnun skal gera aðila viðvart þegar tímabundin skráning fellur úr gildi.

Umhverfisstofnun er heimilt að fella úr gildi tímabundna skráningu fyrir plöntuverndarvöru hafi varan ekki verið sett á markað í undanfarin fimm ár.

29. gr.
Innleiðing.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 frá 17. maí 2017 um kvikasilfur, og niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1102/2008.

30. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2019.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á efnalögum nr. 61/2013. Farið var í heildarendurskoðun á íslenskri efnalöggjöf árið 2011 í þeim tilgangi að skoða frá grunni þáverandi eftirlits- og leyfisveitingakerfi auk þess að sameina lög um eiturefni og hættuleg efni og lög um efni og efnablöndur ásamt því að samræma íslenska löggjöf að evrópskri efnalöggjöf. Endurskoðun þessari lauk með setningu efnalaga í apríl 2013 þar sem sett var lagastoð fyrir fjölmögum ákvæðum í gildandi EES löggjöf um efni og efnablöndur sem Ísland þarf að innleiða vegna aðildar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Lögunum hefur verið breytt tvívar sinnum frá gildistöku. Annars vegar efnislega með lögum nr. 63/2015, einkum til þess að styrkja lagastoð vegna innleiðingar á EES-gerðum um eldsneyti auk fleiri atriða og hins vegar með lögum nr. 60/2016, sem var svokallaður bandormur, og varðaði breytingu á ýmsum lögum vegna nýrrar skóræktarstofnunar (sameining stofnana). Að fenginni reynslu af beitingu efnalaga hefur Umhverfisstofnun bent umhverfis- og auðlindaráðuneytinu á nokkur ákvæði sem þurfi að lagfæra, svo sem að skýra einstök ákvæði nánar og breyta hugtakanotkun til að auka skýrleika, afnema ákvæði sem hindra frjálst flæði á vörum, styrkja lagastoð, m.a. fyrir kröfu um endurmenntun vegna notendaleyfa, vegna innleiðingar á EES-löggjöf, nánar til tekið reglugerð (ESB) 2017/852 um kvikasilfur og niðurfellingu á reglugerð 1102/2008 sem tengist nauðsynlegum breytingum í framhaldandi af fullgildingu á Minamata alþjóðsamningum um að draga úr notkun á kvikasilfri og síðari breytingar á EES-löggjöf sem innleidd er með efnalögunum.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Að fenginni reynslu af beitingu efnalaga þarf að lagfæra ýmis ákvæði laganna, svo sem að skýra einstök ákvæði nánar og breyta hugtakanotkun til að auka skýrleika, gera nauðsynlegar breytingar vegna Minamatásamningsins, styrkja lagastoð fyrir heimildum til setningar reglugerða vegna innleiðingar á EES-löggjöf, afnema ákvæði sem kunna að fara í bága við frjálst flæði á vörum og til þess að gera löginn skýrari og einfaldari í framkvæmd sem og að tryggja jafnræði. Framkvæmd laganna hefur leitt í ljós þau ákvæði laganna sem þarfust lagfæringar til að gera löginn skýrari og einfaldari í framkvæmd. Einnig var farið yfir löginn í heild sinni og þau ákvæði dregin fram sem talin voru þarfust endurskoðunar í ljósi þeirrar reynslu sem komin er á framkvæmd þeirra. Styrkja þarf lagastoð fyrir EES-löggjöf sem innleidd hefur verið hér á landi og fella burt ákvæði sem fara í bága við frjálst flæði á vörum innan EES.

Markmiðið með lagasetningunni er að bæta efnalöggjöfina, gera löginn skýrari og aðgengilegri og að tryggja, eins og best verður, að ákvæði í reglugerðum vegna innleiðingar á evrópsku efnalöggjöfinni og Minamatásamningsins eigi sér stoð í íslenskum lögum.

3. Meginefni frumvarpsins.

Meginefni frumvarpsins varðar fyrst og fremst breytingar á efnalögum sem taldar eru nauðsynlegar í ljósi þeirrar reynslu sem er komin á framkvæmd laganna innan Umhverfisstofnunar sem hefur umsjón með framkvæmd þeirra, er ráðherra til ráðgjafar og fer með eftirlit eftir því sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. og XI. kafla laganna. Samhliða fenginni reynslu hafa komið fram nokkrir vankantar á lögunum. Þar af má nefna að upp hafa komið áltæfni um hvort að tiltekin ákvæði laganna brjóti í bága við EES-samninginn vegna hindrana á frjálsu flæði vörum, svo sem skyldan um að tilkynna markaðssetningu eiturefna, sem og

plöntuverndarvara og sæfivara til notkunar í atvinnuskyni. Einnig hafa komið upp álitaefni sem líklega má rekja til þess að með efnalögum eru 13 Evrópugerðir, þ.e. reglugerðir og tilskipanir, innleiddar í landsrétt í einum lagabálki. Til að mynda hefur komið í ljós að tiltekin hugtök í lögum eru skilgreind á ólíkan hátt í þeim gerðum sem lögum er ætlað að innleiða. Þannig hefur hugtakið varnarefnini, sem er samheiti yfir plöntuverndarvörur og sæfivörur reynst óheppilegt í framkvæmd og fremur til þess fallið að flækja lögum en að gera þau skýrari, enda gildir sitt hvor reglugerðin um plöntuverndarvörur og sæfivörur, þ.e. annars vegar reglugerð (ESB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og hins vegar reglugerð (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra.

Í frumvarpinu er fyrirhugað að breyta nokkrum skilgreiningum, fella aðrar á brott eða uppfæra sem og að breyta heiti hugtaka. Þá er lögð til lítilsháttar breyting á verkskiptingu og hlutverki stjórnvalda, til að gera stjórnsýsluna skilvirkari. Lagt er til að tollstjóra verði skyld að hafna tollafreiðslu efna og efnablandna sem uppfylla ekki skilyrði laganna að fengnum tilmálum frá Umhverfisstofnun í stað þess að hafa heimild til þess og að Umhverfisstofnun hætti að gefa út skráningarnúmer fyrir tollafreiðslu eiturefna og leyfiskyldra efna og efnablandna. Í efnalögum er gerð krafa um að öryggisblöð skuli vera á íslensku. Komi upp aðstæður þar sem að einstaklingur þarf að afla sér frekari upplýsinga í tengslum meðferð tiltekinnar vörur, t.a.m. á Vefnum, þá er gífurlegur munur á fjölda leitarniðurstaða eftir því hvort leitað sé eftir íslensku heiti efnis eða ensku og má þar af leiðandi færa rök fyrir því að það felist aukið öryggi í því að hafa blöðin á ensku auk þess sem það getur verið til þess fallið að bæta gæði öryggisblaða. Þar af leiðandi er lagt til að ekki verði gerð krafa um að upplýsingarblöð séu á íslensku. Í samræmi við framkvæmd í Noregi er lagt til að lengja gildistíma notendaleyfa, sem hefur verið fimm ár og kallað óþarflega tíðar endurnýjanir með tilheyrandi kostnaði fyrir leyfishafa vegna skyldubundinnar endurmenntunar og gjaldtöku Umhverfisstofnunar. Það er mat Umhverfisstofnunar að lagaumhverfi og aðferðir við notkun plöntuverndarvara og útrýmingarefna taki ekki svo miklum breytingum að þörf sé á svo tíðri endurnýjun leyfa. Þá þarf að setja lagastoð fyrir skilyrði um endurmenntun áður en til endurnýjunar notendaleyfis kemur í ljósi kröfu um slíkt í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/128/EB um aðgerðaramma Bandalagsins til að ná fram sjálfbærri notkun varnarefna. Einnig þarf að skýra í hvaða tilfellum Umhverfisstofnun sé heimilt að draga notendaleyfi til baka, t.a.m. ef leyfishafi gerist brotlegur við lög og reglugerðir sem tengast starfi hans. Þá er lagt til að gerðar verði breytingar á gjaldtökuhheimildum m.a. vegna útgáfu vottorða fyrir ábyrgðaðila fyrir markaðsetningu eiturefna, sem og plöntuverndarvara og sæfivara til notkunar í atvinnuskyni. Talin er ástæða að skýra betur gjaldtökuhheimild vegna beitinga þvingunarúrræða í eftirfylgnimálum sem nú þegar kveðið er á um í gjaldskrá Umhverfisstofnunar á þeim grundvelli að stofnuninni sé heimilt að innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá fyrir eftirlit og verkefni sem stofnuninni er falið að annast. Nokkur tilfelli hafa komið upp þar sem beiting þvingunarúrræða efnalaga hafa valdið vandkvæðum og þarf að lagfæra þau atriði. Eitt úrræði sem fellur undir XIII. kafla efnalaganna er tímabundin stöðvun markaðssetningar sem sé í raun bráðabirgðaúrræði en ekki þvingunarúrræði. Þær lagfæringar snúa í raun að lagatæknilegri útfærslu á heimild Umhverfisstofnunar til að stöðva tímabundið markaðssetningu vöru sem ekki uppfyllir skilyrði efnalaga, sbr. 57. gr. Um er að ræða bráðabirgðaákvörðun, þ.e. ákvörðun yfirleitt er tekin við upphaf máls og gildir jafnan aðeins á meðan mál er til meðferðar en fellur úr gildi þegar stjórnvaldsákvörðun hefur verið tekin. Vakin hefur athygli á því í fræðiskrifum að ákvæðinu sé ranglega skipað í kafla sem ber heitið þvingunarúrræði, sem geti verið til þess fallið að villa mönnum sýn um eðli úrræðisins. Þannig er lagt til að heiti XIII. kafla laganna verði breytt auk þess sem lagt er til að heiti úrræðisins verði breytt í tímabundin stöðun markaðssetningar vöru í stað stöðvun markaðssetningar um stundarsakir. Bæta þarf við heimildum til beitingar stjórnvaldssekta vegna brota gegn ákvæðum um markaðssetningu flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og ákvæðum um magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda. Bæta þarf við ákvæði vegna fullgildingar Minamatasamningsin og innleiðingar á ESB reglugerðar um kvikasilfur. Loks þarf að breyta ákvæði til bráðabirgða um tímabundnar skráningar plöntuverndarvara með tilliti til þess að fella brott lögákveðinn gildistíma og veita Umhverfisstofnun heimild til að fella úr gildi tímabundnar skráningar þegar um er að ræða plöntuverndarvörur sem eru með tímabundna skráningu en eru ekki lengur á markaði eða hafa aldrei verið það.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið hefur hvorki gefið sérstakt tilefni til mats á samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 né alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Frumvarpið var samið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Áform um lagasetningu og mat á áhrifum fór í innra samráð 7. desember 2018 og í ytra samráð í samráðsgátt 21. janúar 2019 til 1. febrúar 2019. Málsnúmer er S-24-2019. Umsagnir við áformin bárust frá Kjartani Kjartanssýni, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur,

Orkuveitu Reykjavíkur og Inspectionem ehf., auk þess sem ábendingar bárust frá ráðgjafarnefnd um eftirlit á vegum hins opinbera, skv. lögum nr. 27/1999. Umræddar umsagnir voru hafðar til hliðsjónar við samningu frumvarpsins. Drög að frumvarpinu var sett í samráðsgátt 8. febrúar 2019.

Í ábendingar ráðgjafanefndar um eftirlit á vegum hins opinbera, samkvæmt lögum nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur segir:

„Enda þótt ætlunin sé að einfalda tiltekin ákvæði efnalaga og gera stjórnsýsluna skilvirkari, eins og fram kemur í áformaskjali, eru jafnframt tilgreindar ýmsar fyrirhugaðar breytingar á lögunum sem líklegar eru til að hafa íþyngjandi áhrif á atvinnulíf. Má þar nefna breytingu á gjaldtökueimildum og heimildum til að beita stjórnvaldssektum, ásamt frekari kröfum um endurmenntun. Prátt fyrir þetta er engin umfjöllun í áformaskjali eða skjali um mat á áhrifum lagasetningarinnar um hugsanleg áhrif breytinganna á atvinnulíf og samkeppni.“

Talið er að meginhluti fyrirhugaðra breytinga muni ekki hafa íþyngjandi áhrif á atvinnulíf og samkeppni þó vissulega megi færa rök fyrir því að tilteknir hlutar fyrirhugaðra breytinga geti verið til þess fallnir. Tillögur fara í gegnum samráð, bæði beint með tilteknum haghöfum sem og í gegnum samráðsgáttina.

Hvað varðar breytingar á gjaldtökueimildum þá fela breytingartillögurnar í sér eina nýja gjaldtökueimild vegna útgáfu vottorða fyrir ábyrgðaraðila sem hafa lokið námi eða námskeiði. Þá er lagt til að 1. og 6. tölul. 54. gr. þar sem kveðið er á um gjaldtöku vegna veitingar markaðsleyfa verði breytt til samræmis við nýja hugtakanotkun. Loks er lagt til að 2. mgr. 54. gr., þar sem kveðið er á um heimild ráðherra til að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu stofnunarinnar, verði breytt þannig að sérstaklega verði tekið fram að heimilt sé að setja gjaldskrá fyrir beitingu þvingunarúrræða, en gjaldskrá stofnunarinnar kveður nú þegar á um að heimilt sé að innheimt gjald fyrir beitingu þvingunarúrræða á grundvelli efnalaga, enda eðlilegur hluti af eftirliti og verkefnum sem stofnunni er falið að annast samkvæmt lögunum.

Hvað varðar heimildir til að beita stjórnvaldssektum þá fela tillögurnar í sér tvær nýjar heimildir til beitingar stjórnvaldssektu og tvær breytingar á 1. mgr. 62. gr. í samræmi við breytta hugtakanotkun. Nýju heimildirnar snúa annars vegar að ákvæðum um markaðssetningu flúoraðrar gróðurhúsalofttegunda, sbr. 44. gr. b. og hins vegar að ákvæðum um magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sbr. 44. gr. c. Nái tillögurnar fram að ganga þarf einnig að breyta reglugerð nr. 590/2018 um beitingu stjórnvaldssektu fyrir brot á efnalögum. Tillaga að þessum breytingum fer nú í gegnum samráð og ljóst er að reglugerðarbreyting mun verða unnin í samráði við haghafa.

Varðandi áform um að gera frekari kröfur um endurmenntun vegna endurnýjunar á notendaleyfum er það að segja að við setningu efnalaga var ekki sett skýr lagastoð fyrir því í samræmi við ákvæði í tilskipun Evrópupningsins og ráðsins nr. 2009/128/EB um aðgerðaramma Bandalagsins til að ná fram sjálfbærri notkun varnarefna.

Í umsögn Kjartans Kjartanssonar segir: „Það virðist sem að engin lög nái til geymslu á efnum.“

„Það eru ekki skilgreindar kröfur um loftræstingu eða annan aðbúnað sem þarf að vera til að geymsla efna teljist örugg. Þá mætti jafnvel hafa í huga að flutningur og geymsla ýmissa efna er ekki æskilegur á ýmsum svæðum t.d. vatnsverndarsvæðum.“

Ákvæði um framangreint er að finna í 16. gr. efnalaga sem fjallar um varðveislu efna. Í ákvæðinu er fjallað um varðveislu hættulegra efna, plöntuverndarvara, sæfivara og eiturefna. Þá er kveðið á um varðveislu plöntuverndarvara og útrýmingarefna í reglugerð nr. 980/2015 um meðferð varnarefna. Auk þess er sérstök reglugerðarheimild í 16. tölul. 11. gr. efnalaga um varðveislu eiturefna sem til stendur að nýta.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. gilda ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, um varðveislu eiturefna, plöntuverndarvara og sæfivara. Í þessu samhengi er rétt að vekja athygli á því að samkvæmt 7. gr. laganna er það hlutverk Vinnueftirlitsins að hafa eftirlit með því að notkun, meðferð og merking efna á vinnustöðum sé í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt gilda ákvæði laga um mannvirki og byggingareglugerð um gerð og umbúnað mannvirkja þar sem efni eru geymd.

Afram segir í umsögn Kjartans Kjartanssonar: „Lögin ættu að úthluta/skilgreina hvaða lagasetning nái til framleiðslu, þökkunar, flutnings, geymslu, notkunar, eyðingar og viðbragða vegna slysa á efnum. Sjá reglugerð nr. 1050/2017 um varnir gegn hættulegra efna þar sem Vinnueftirlitið er lögbært yfirvald.“

Þá þarf að skilgreina hverjir hafa eftirlit með hverjum þætti, t.d. vegagerð, löggregla, vinnueftirlit o.p.h.

Reyna ætti eftir megni að styðjast við alþjóða reglugerðir og viðmið.“

Bæði efnalöggjöfin og önnur löggjöf hér á landi þar sem efni koma við sögu byggir að nánast öllu leyti á alþjóðalögum eða löggjöf innri markaðar ESB.

Loks segir í umsögn Kjartans Kjartanssonar:

„Pað er ekki eðlilegt að hvaða efni sem er sé geymt í sama vöruhúsi og matvæli eða heilbrigðisvörur, því lítioð rof á umbúðum efnis getur mengað matvælin eða heilbrigðisvörurnar.“

Ákvæði um þetta er að finna í 16. gr. efnalaga, sbr. hér að ofan.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur kemur fram að boðuð einföldun, skýrleiki og jafnræði sé af hinu góða. Bent er á að ákvæði 4. tölul. 6. gr. sé vel til þess fallin að verða tekinn burt til samræmist við kröfur til annarra stjórvalda sem hafa hlutverk samkvæmt efnalögum. Í frumvarpi því sem hér liggar fyrir er gerð tillaga um að þetta ákvæði verði fellt á brott. Þá geri eftirlitið þá kröfu um að öll stjórnvöld sem hafi hlutverk samkvæmt lögunum geti heimild til beitingu stjórvaldssekta. Á samráðsfundi með Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga í september 2018 var umræðan á þann veg að skýrt væri í lögunum að beiting þvingunarúrræða og viðurlaga væru hjá Umhverfisstofnun en mikilvægt að upplýsingar um niðurstöðu eftirlits heilbrigðiseftirlitsins og frávik frá lögunum bærust til Umhverfisstofnunar með skýrum hætti. Þar var m.a. rætt um að skýra 2. og 4. tölul. í 6. gr. til þess að enginn vafi væri á því að heilbrigðiseftirliti bæri að senda upplýsingar um möguleg frávik frá efnalögum til Umhverfisstofnunar sem myndi þá taka við málinu, gera kröfur um úrbætur og sjá um alla eftirfylgni. Aðrar ábendingar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur verða skoðaðar við áframhaldandi vinnslu frumvarpsins og er fyrirhugað að funda með heilbrigðiseftirlitinu.

Orkuveita Reykjavíkur gerir athugasemdir við þá tillögu að í efnalögum verði vikið frá þeirri kröfu að öryggisblöð séu á íslensku og bendir á að eitt helsta markmið efnalaga sé að tryggja að meðferð á efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né á umhverfi. Hafa verði í huga að öryggisblöð eru upplýsingablöð um eiginleika efna eða efnablandna ásamt upplýsingum um meðhöndlun og meðferð þeirra og mikilvægt að framsetningu þeirra sé þannig háttar að efni þeirra sé skiljanlegt þeim sem það les. Reynslan hafi sýnt að erfitt sé að fá starfsmenn til að kynna sér öryggisblöð við notkun vafasamra efna enda oft flókin yfirferðar. Hvort ensk útgáfa breyti þar einhverju er óljóst enda liggi ekki fyrir neinar rannsóknir þar um sem veiti vísbendingu um annað. Í stað þess að afnema kröfuna um íslensku leggi Orkuveita Reykjavíkur til að meðalhófs verði gætt við breytingar í framangreinda veru og að lagt verði upp að núverandi kröfu um íslensku sé viðhaldið en að tilgreina megi í öryggisblaðinu enskt heiti efnis sem og veita frekari upplýsinga á ensku. Þannig verði t.a.m. hægt að leita á vefnum að frekari upplýsingum.

Réttilega er bent á það hjá Orkuveitu Reykjavíkur að ekki liggi fyrir rannsóknir um það hvort að einfaldara verði fyrir starfsmenn að kynna sér öryggisblöð með því að hverfa frá kröfum um að öryggisblöðin verði á íslensku. Í þessu samhengi er þó rétt að vekja athygli á því að þeir sem það vilja verður áfram heimilt að hafa öryggisblöðin á íslensku. Tillagan snýst um það að gera atvinnulífinu einfaldara um vik að hafa öryggisblöð aðgengileg og á sama tíma gagnleg og skiljanleg þannig að þau þjóni hlutverki sínu. Líklega væri rétt að athuga hver afstaða annarra haghafa er til tillögunnar og auk þess ætti að kanna afstöðu Vinnueftirlitsins sem fer með eftirlit á öryggisblöðum og ber að fylgja því eftir að gæði þeirra séu fullnægjandi. Ráðuneytið mun gera það. Rétt er að taka fram að tillagan þessi er ekki mikilvægasta tillagan við endurskoðun laganna heldur m.a. hugsuð til að léttu undir með atvinnulífinu og auka öryggi við meðferð efna.

Í umsögn frá Inspectionem ehf. segir að í efnalögum séu ekki sambærileg ákvæði og eru í nágannalöndunum um skráningu hættulegra efna. Þetta er rétt og við setningu efnalaga á sínum tíma var þetta skoðað sérstaklega og var ekki talin ástæða til þess að setja ákvæði um slíka skráningu hættulegra efna í íslenska löggjöf. Þá segir í umsögninni að mikilvægt sé fyrir viðbragðsaðila að hafa aðgang að upplýsingum um hvaða hættuleg efni eru í fyrirtækjum og í hvaða magni þau eru þegar unnið sé áhættumat, viðbragðsáætlanir og þegar brugðist sé við útkalli af völdum elds eða bráðamengunar í viðkomandi fyrirtæki eða mannvirki. Því má svara til að þessar upplýsingar berast með tilkynningum frá rekstraraðilum til Vinnueftirlits ríkisins eins og kveðið er á um í reglugerð nr. 1050/2017 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, þar sem tilgreina skal hvaða hættuleg efni er unnið með á vinnustaðnum og í hvaða magni þau er að finna. Inspectionem ehf. bendir á að í efnalögum þurfi eins og í að taka meira mið af að færa verkefni út á markaðinn og reifar dæmi í umsögn sinni. Inspectionem ehf. hafi skoðað og gert samanburð á kröfum Evrópulöggjafarinnar og Eurocodes löggjafar í Noregi við þær kröfur sem gerðar eru í íslenskum lögum og reglugerðum um skoðunarstofur. Niðurstöður þeirrar skoðunar eru að meiri kröfur séu gerðar um hæfni fagaðila á Íslandi en annarsstaðar sem valdi auknum kostnaði við eftirlitið og að ekki séu gerðar kröfur

um faggildingu skoðunarstofa né stofnana annars staðar en á Íslandi. Faggilding sé kostnaðarsöm. Hætt sé við að ef valið er of þungt og kostnaðarsamt kerfi þá geti það leitt til fákeppni á markaði. Aðrar ábendingar Inspectionem ehf. tengjast meira annarri löggjöf en efnalöggjöfinni. Ábendingar Inspectionem ehf. verða skoðaðar við áframhaldandi vinnslu frumvarpsins.

Frumvarpið var auk þess sent sérstaklega til umsagnar 8. febrúar 2019 og tilteknum haghöfum boðið að funda með ráðuneytinu um efni frumvarpsins og koma ábendingum á framfæri. [Gerð verður grein fyrir umsagnarferli áður en frumvarpið verður lagt fram]

Faglegt samráð milli ráðuneyta hefur ekki farið fram þar sem fyrst og fremst er um að ræða lagfæringer á efnalögum í ljósi þeirrar reynslu sem hefur fengist af framkvæmd þeirra.

6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið hefur áhrif á atvinnurekstur sem fellur undir gildissvið efnalaga nr. 61/2013, þ.e. starfsemi þar sem meðferð efna og efnablandna fer fram svo sem framleiðsla, markaðssetning, útflutningur, og umflutningur. Í frumvarpinu eru fyrst og fremst lagðar til lagfæringer á efnalögum. Einnig er lagt til að Umhverfisstofnun fái frekari heimild til þess að leggja á stjórnvaldssektir á þá sem uppfylla ekki tiltekin ákvæði efnalaga. Beiting stjórnvaldssektar er íþyngjandi ákvörðun stjórnvalds og felur í sér refsikennd viðurlög. Frumvarpið kann því hafa áhrif á þá sem uppfylla ekki skyldur sínar og fá á sig lagðar stjórnvaldssektir. Frumvarpið hefur áhrif á stjórnsýslu Umhverfisstofnunar vegna heimildar til þess að leggja á stjórnvaldssektir. Gert er ráð fyrir að frumvarpið hafi í för með óveruleg fjárhagsleg áhrif á Umhverfisstofnun. Gert er ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs haldist óbreytt verði frumvarpið samþykkt.

Um 1. gr.

Í 3. gr. efnalaga er að finna tæplegar fimmtíu skilgreiningar. Þar af eru nokkur tilfelli þar sem að lögin hafa að geyma eina skilgreiningu á tilteknu hugtaki sem er skilgreint á annan hátt í þeim Evrópugerðum sem löginn innleíða. Í frumvarpinu er lagðar til átta breytingar á greininni. Lagt er til að skilgreiningar verði felldar á brott, uppfærðar eða nýjar settar inn í efnalögini.

Til að auka skýrleika laganna er lagt til að bætt verði inn í greinina skilgreiningu á hugtakinu faggilding og er um að ræða sömu skilgreiningu sem fram kemur í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í efnalögum, sbr. 22. tölul. 3. gr. laganna, er markaðssetning skilgreind það að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir lögin eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur er markaðssetning. Skilgreiningin er þýding af 12. tölulið 3. gr. REACH reglugerðarinnar. Í þessu samhengi þarf einnig að hafa í huga að hugtakið „innflutningur“ er skilgreint sem „flutningur efnis, efnablöndu eða efna í hlutum inn á EES frá ríkjum utan svæðisins“, sbr. 18. tölul. 3. gr. laganna. Í sæfivörureglugerðinni, þ.e. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra, sem innleidd er með efnalögum er að finna aðra skilgreiningu hugtakinu „setning á markað“ sem er „það að bjóða tiltekna sæfivöru eða meðhöndlaða vöru fram í fyrra sinn á markaði“. Í sæfivörureglugerðinni er jafnframt að finna skilgreiningu á hugtakinu „bjóða fram á markaði“ sem er „öll afhending sæfivöru eða meðhöndlaðrar vöru til dreifingar eða notkunar á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds.“ sbr. i. liður 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Í plöntuverndarvörureglugerðinni, þ.e. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 er einnig að finna skilgreininguna á hugtakinu „setning á markað“ sem er önnur en í sæfivörureglugerðinni. sbr. 9. tölul. 3. gr. reglugerðarinnar, þar sem hugtakið er skilgreint sem „það að hafa umráð með sölu í Bandalaginu fyrir augum, þ.m.t. að bjóða til sölu eða afhendingar í öðru formi, gegn gjaldi eða endurgjaldslaust, og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar að undanskilinni endursendingu til fyrrí seljanda. Afgreiðsla í frjálst flæði inn á yfirráðasvæði Bandalagsins telst setning á markað í skilningi þessarar reglugerðar“. Hugtakið er mikilvægt í efnalögum þar sem markmið laganna er meðal annars að koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu sbr. 1. gr. efnalaga auk þess sem lögin gilda um framleiðslu, markaðssetningu o.fl., sbr. 2. gr. laganna. Þá er eitt þvingunarúrræða laganna stöðvun markaðssetningar, en með hliðsjón af skilgreiningunni, eins og hún er í lögum nú, væri ekki tækt að beita því ef aðili flytur inn plöntuverndarefnavöru til eigin nota frá landi utan Evrópska efnahagssvæðisins. Því er skilgreiningin umorðuð í stafl. b. og lögð til breyting á 22. tölul. 3. gr. laganna þannig að skilgreining á markaðssetningu nái einnig til notkunar og að hugtakið er skilgreint eftir því hvers konar efnavora er markaðssett í skilningi REACH, þ.e. markaðssetning sæfivöru annars vegar og markaðssetning plöntuverndarvöru hins vegar.

Í stafl. c er gerð tillaga að breyttu orðalagi í 27. tölul. 3. gr. þar sem lagt er til að notkun hugtaksins tiltekin varnarefni sé hætt til þess að gera ákvæði efnalaga skýrari.

Breytingar í stafl. d. f. og g. varða skýrleika laganna. Gerð er tillaga um að ný skilgreining, notkun í atvinnuskyni, komi inn í 3. gr. í staðinn fyrir hugtakið sértæk not er fellt úr gildi. Þetta er gert til að auka skýrleika laganna. Lagt er til að notkun í atvinnuskyni verði skilgreint sem notkun efna, efnablöndu eða örvera sem krefst sérstakrar kunnáttu eða markast af tilgreindu notkunarsviði eða notkunarsviðum, þar á meðal notkun eiturefna, plöntuverndarvara og útrýmingarefna.

Pörf er á því að skilgreina hugtakið sambandsleyfi og gerð tillaga í stafl. e. að hugtakið verði bætt inn í 3. gr. efnalaganna sem tölul. 31. b. Í VIII. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra er fjallað um svokölluð sambandsleyfi fyrir sæfivörum. Hugtakið sambandsleyfi er skilgreint í n. lið 1. tl. 3. gr. reglugerðarinnar sem stjórnvaldsáðgerð þar sem framkvæmdastjórnin heimilar að sæfivara, eða flokkur skyldra sæfivara, sé boðin fram á markaði og notuð á yfirráðasvæði Evrópusambandsins eða á hluta þess.

Útrýmingarefni er undirflokkur sæfivöru. Í 41. tölulið 3. gr. laganna er hugtakið útrýmingarefni skilgreint sem sæfivörur sem falla undir eftirfarandi vöruflokkana nagdýraeitur, fuglasæfa, lindýraeitur, ormaeitur og vörur til að verjast öðrum hryggleysingum, fiskisæfa, skordýraeitur, mítlasæfa og vörur til að verjast liðdýrum, fæliefni og löðunarefni og vörn gegn öðrum hryggdýrum. Hugtakið er ekki skilgreint í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur en með skilgreiningunni er ætlað að ná yfir þær vörur sem taldar eru upp í aðalflokki 3 í V. viðauka reglugerðarinnar. Í floknum er að finna lista yfir tiltekna vöruflokkna efna sem ætlaðar eru til meindýravarna. Í stafl. g. er lagt til að hugtakinu verði breytt og nái yfir nagdýraeitur, lindýraeitur, ormaeitur og vörur til að verjast öðrum hryggleysingum, skordýraeitur og mítlasæfar og vörur til að verjast liðdýrum.

Hugtakið varnarefni er skilgreint í 42. tölulið 3. gr. efnalaga sem samheiti fyrir sæfivörur og plöntuverndarvörur. Það hefur flækt framkvæmd laganna að nota hugtakið varnarefni og myndi það að auka skýrleika laganna að nota frekar hugtökin plöntuverndarvörur og sæfivörur eftir því sem við á. Því er lagt til í stafl. i. að 42. tölul. 3. gr. efnalaga að hugtakið varnarefni og skilgreining þess verði fellt brott úr lögunum. Í frumvarpi þessu er lagt til að hugtakið verði uppfært þannig að vísað verði til plöntuverndarvara, sæfivara eða útrýmingarefna, eftir því sem við á.

Hugtakið öryggisblöð er skilgreint í 45. tölulið 3. gr. efnalaga sem upplýsingablöð um eiginleika efna og efnablandna ásamt upplýsingum um meðhöndlun og meðferð þeirra. Skilgreiningin gefur takmarkaðar upplýsingar um það hvað fellst í hugtakinu. Í REACH reglugerðinni fjallar IV bálkur gerðarinnar um þær kröfur sem gerðar eru til öryggisblaða en reglugerðin skilgreinir hugtakið ekki sérstaklega. Með hliðsjón af kröfunum sem eru gerðar má í raun segja að nágildandi skilgreining lýsi öryggisblöðum ekki nægilega vel. Því er lagt til í stafl. j. að bætt verði aftan við skilgreininguna þannig að ljóst sé að í upplýsingablöðum séu upplýsingar sem hafa verið tekin saman í samræmi við kröfur um form og innihald öryggisblaða sem settar eru í reglugerð.

Um 2. gr.

Til að auka skýrleika efnalaga eru lagðar til breytingar í stafl. a., b. og c. í þá veru að nota frekar hugtökin hugtökin plöntuverndarvörur, sæfivörur og útrýmingarefni eftir því sem við á frekar en hugtakið varnarefni. Í stafl. d. er lagt til að 12. tölul. 5. gr. efnalaga verði felldur brott þar sem að stofnunin er hætt að taka á móti upplýsingum um innflutning frá innflutningsaðila sem gefnar eru áður en tiltekin efni og efnablöndur eru afgreidd, sjá nánar umfjöllum um 9. gr.

Um 3. gr.

Talið er rétt að skerpa á hlutverki heilbrigðisnefnda sveitarfélaga skv. 2. tölul. 6. gr. efnalaga og það samræmt hlutverki Umhverfisstofnunar skv. 13. tölul. 5. gr. efnalaga. Heilbrigðisnefndum sveitarfélaga ber skv. 2. tölul. 6. gr. laganna að hafa eftirlit með meðferð og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndin gefur út á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og upplýsa Umhverfisstofnun um niðurstöður eftirlitsins. Hlutverk Umhverfisstofnunar skv. 13. tölul. 5. gr. er sambærilegt en almennara og kveður á um að stofnuninni

beri að hafa eftirlit með flokkun, merkingum og umbúðum efna, efnablandna og hluta sem innihalda efni, sem markaðssett eru hér á Íslandi og falla undir efnalögin. Þá fer stofnunin með þvingunarúrræði vegna brota og því ber heilbrigðisnefndum að senda tilkynningar til Umhverfisstofnunar um brot á efnalögnum til þess að fylgja því eftir að farið sé að ákvæðum laganna. Umhverfisstofnun hefur litið svo á, samkvæmt framangreindu, að stofnunni sé ekki heimilt að fara í eftirlitsferðir í fyrirtæki, þar sem um er að ræða starfsleyfisskylda starfsemi sem fellur undir heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna, en þar á meðal eru ýmis fyrirtæki sem selja umtalsvert magn efnavora, svo sem bensínstöðvar, snyrtistofur og framleiðendur snyrtivara.

Eftirlit með meðferð og merkingu efnavora er tiltölulega sérhæft eftirlit sem fáir hafa sérþekkingu á hér á landi. Eftir gildistöku efnalaganna hafa Umhverfisstofnun borist mjög fáar tilkynningar frá heilbrigðisnefndum um vanmerktar vörur eða brot á öðrum þáttum sem falla undir efnalögin líkt og gert er ráð fyrir í 2. tölul. 6. gr. laganna. Engu að síður er talið að þetta eftirlit eigi áfram að vera í höndum heilbrigðisnefnda en nauðsynlegt sé að upplýsa þær um reglurnar sem hér gilda og efna til aukins samstarfs í eftirliti til þess það verði skilvirkara. Lögð er til breyting á 2. tölul. 6. gr. þannig að hlutverk heilbrigðisnefnda verði m.a. að hafa eftirlit með meðferð, merkingum efna og efnablandna og öðrum þáttum sem falla undir efnalög í starfsleyfisskyldri og skráningarskyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem heilbrigðisnefndin gefur út og/eða, ef um skráningaskylda starfsemi er um að ræða, hefur eftirlit með á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er lagt til að ef það leiki grunur á um brot á þáttum sem falla undir efnalögin þá skuli skal heilbrigðisnefnd tilkynna um það til Umhverfisstofnunar á þann hátt sem stofnunin ákveður. Í framahaldi af framangreindri tillögu er jafnframt lagt til að 4. tölul. 6. gr. efnalaga verði felldur á brott til að auka skýrleika laganna og skerpa á hlutverki heilbrigðisnefnda.

Um 4. gr.

Í stafl. a. er lögð til sú breyting að hugtakið plöntuverndarvara verði notað í stað hugtaksins varnaefni, sæfivörur og útrymingarefni eftir því sem við á frekar en hugtakið varnarefni, í samræmi við aðrar breytingatillögur í frumvarpinu. 7. gr. efnalaganna fjallar um hlutverk Vinnueftirlits ríkisins. Í stafl. b. eru lagðar til breytingar út frá sömu sjónarmiðum og fjallar er í 3. gr. frumvarpsins þegar um er að ræða brot á efnalögum. Í stafl. c. er lagt til að Vinnueftirlitið taki saman upplýsingar eftir atvikum um atvinnusjúkdóma sem tengjast sæfivörum, einkum að því er varðar viðkvæma hópa og allar ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr áhættunni á frekari tilvikum, sjá nánar umfjöllum um 5. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í stafl. a. er lögð til breyting vegna þess að fyrirhugað er að taka hugtakið varnarefni úr efnalögnum.

Í 65. gr. reglugerðar Evrópupingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra er kveðið á um að aðildarríki skuli senda framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd reglugerðarinnar á yfirráðasvæði sínu á fimm ára fresti. Í skýrslunni skulu m.a. koma fram upplýsingar um öll tilvik eitrunar og, ef tiltækar eru, atvinnusjúkdóma sem tengjast sæfivörum, einkum að því er varðar viðkvæma hópa, og allar sértækar ráðstaf anir sem eru gerðar til að draga úr áhættunni á frekari tilvikum, sbr. b. lið 65. gr. reglugerðarinnar. Tilefni var til að kanna hlutverk Eitrunarmiðstöðvar Landsspítala sbr. 10. gr. efnalaga í samræmi við skyldur sem kveðið er á um í annars vegar reglugerð um sæfivörur nr. 528/2012 og hins vegar reglugerðar um flokkun og merkingar, CLP reglugerðin, nr. 1272/2008. Í 45. gr. CLP reglugerðarinnar er kveðið á um tilnefningu stofnana sem bera ábyrgð á viðtöku upplýsinga um viðbúnað í neyðartilvikum sem varða lýðheilsu. Eitrunarmiðstöð Landspítálans er tilnefnd skv. 1. mgr. 10. gr. efnalaga sem kveður á um að hlutverk Eitrunarmiðstöðvarinnar sé að taka við upplýsingum frá innflytjanda, framleiðanda eða öðrum sem 1) ber ábyrgð á markaðssetningu eiturefnis eða varnarefnis á Íslandi um efnasamsetningu og eiturhrif efnisins, sbr. 24. og 25. gr. og 2) ber ábyrgð á innflutningi hættuflokkaðrar efnablöndu um efnasamsetningu blandna sem eru settar á markað og flokkast sem hættulegar á grundvelli þeirra áhrifa sem þær hafa á heilbrigði eða eðlisfræðilegra áhrifa þeirra. Hlutverk tilnefndra stofnana er aftur á móti útfært nánar í 45. gr. CLP reglugerðarinnar en þar er kveðið á um að þeim sé skylt að tryggja að þagnarskylda sé virt við meðferð upplýsinga sem tekið er við, í hvaða tilfellum sé heimilt að nota slíkar

upplýsingar og að upplýsingarnar skuli ekki notaðar í öðrum tilgangi. Þá er sérstaklega tekið fram í 3. mgr. ákvæðisins að tilnefndar stofnanir skuli hafa aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum frá innflyttjendum og eftirnotendum sem bera ábyrg á markaðssetningu til að framkvæma þau verkefni sem þeim eru falin. Slíkur aðgangur hefur ekki verið útfærður auk þess sem ekki er vitað hvernig haldið er utan um upplýsingarnar. Skoða var hvort þörf væri á heimild til handa Eitrunarmiðstöðvarinnar til að tryggja öryggi hennar að upplýsingum skv. 3. mgr. 45. gr. CLP. Hvergi í efnalögum er kveðið á um framangreinda skyldu og því lagt til í stafl. b. að bætt verði við málsgrein við 10. gr. efnalaganna sem kveður á um að meðal hlutverks Eitrunarmiðstöðvar Landsspítalans verði að taka saman upplýsingar um tilvik eitrunar vegna sæfivara og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr áhættunni á frekari tilvikum.

Um 6. gr.

Um er að ræða 11. gr. efnalaga sem fjallar um reglugerðarheimildir. Allar breytingar í greininni fyrir utan eina varða að gerð er tillaga um það í frumvarpinu að nota frekar, eftir því sem við á, hugtökin plöntuverndarvörur, sæfivörur og útrýmingarefnin en hugtakið varnarefnin. Í stafl. d. er bætt inn að ráðherra skuli setja í reglugerð nánari ákvæði um afgreiðslu sambandsleyfa, sjá nánar umfjöllum um 1. og 16. gr. frumvarpsins.

Um 7., 8. og 10. gr.

Breytingar þær sem lagðar eru til á 16. og 19. gr. efnalaga varða allar það að nota frekar, eftir því sem við á, hugtökin plöntuverndarvörur, sæfivörur og útrýmingarefnin en hugtakið varnarefnin.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að 1. mgr. 20. gr. verði felld á brott. Í 20. gr. efnalaga er kveðið á um tollafreiðslu og í ákvæðinu segir að sá sem markaðssetji eiturefni og leyfisskyld efni eða efnablöndur skuli tilkynna Umhverfisstofnun um hvaða efni og efnablöndur er að ræða og að stofnunin gefi út skráningarnúmer fyrir tollafreiðslu eiturefna og leyfisskyldra efna og efnablandna. Þá segir í lokamálslið 1. mgr. 20. gr. að í upphafi hvers árs skuli sá sem markaðssetur eiturefni og leyfisskyld efni eða efnablöndur gera Umhverfisstofnun grein fyrir magni þeirra á þar til gerðum eyðublöðum fyrir undangengið ár. Ákvæðinu hefur ekki verið fylgt í framkvæmd frá því í júlí 2017 og er það mat Umhverfisstofnunar að mögulega sé um að ræða tæknilega aðgangshindrun þegar vörur eru fluttar innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í ákvæðinu er ekki sérstaklega talað um innflutning frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. skilgreining hugtaksins innflutningur í 18. tölul. 3. gr. og gæti það talist aðgangshindrun að innflyttjendur efna sem hafa leyfi og uppfylla lagaskilyrði innan Evrópska efnahagssvæðisins þurfi að tilkynna um efnin og fá skráningarnúmer fyrir tollafreiðslu frá Umhverfisstofnun. Þó þarf að vera til staðar heimild eða fyrirkomulag til að stöðva tollafreiðslu efna sem koma hingað til lands frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og því er er lögð til breyting á orðalagi ákvæðisins. Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. er tollstjóra heimilt að hafna tollafreiðslu efna og efnablandna sem uppfylla ekki skilyrði laganna að fengnum tilmælum frá Umhverfisstofnun en lagt er til í greininni að tollstjóra að verði skyld að hafna tollafreiðslu efna sem falla undir lögini að fengnum tilmælum frá Umhverfisstofnun, enda er það stofnunin sem er með sérþekkingu á efnum.

Um 11. gr.

Breytingar þær sem lagðar eru til á 24. gr. efnalaga varða flestar það að nota frekar, eftir því sem við á, hugtökin plöntuverndarvörur, sæfivörur og útrýmingarefnin en hugtakið varnarefnin. Í stafl. a. eru lagðar til breytingar á tilkynningaskyldu til Umhverfisstofnunar, m.a. vegna aukins stafræns umhverfis. Í stafl. c. er lögð til breyting sem tengist tillögu að breytingu á 45. gr. efnalaga og auknum pappírlausum viðskiptum í stafrænum heimi, sjá nánar umfjöllun um 21. gr. frumvarpsins. Lagt er til í stafl. g. og h. að þeir sem markaðssetja tiltekin efni til markaðssetningar í atvinnuskyni tilnefna og tilkynna nafngreindan ábyrgðaraðila. Rétt er að taka fram að ákvæðið gildir ekki um plöntuverndarvörur sem ætlaðar eru til notkunar í atvinnuskyni, þ.e. plöntuverndarvörur til almennra nota.

Um 12. gr.

Í 2. mgr. 30. gr. er kveðið á um að öryggisblöð skuli vera á íslensku en að mati Umhverfisstofnunar skilar sú skylda ekki endilega öruggari aðstæðum fyrir notanda. Í ákvæðinu er jafnframt að finna undanþágu frá því að öryggisblöð séu á íslensku sem er afar þróng og mætti rýmka verulega. Krafan um íslenska þýðingu öryggisblaða ætti að skoðast í ljósi markmiðs laganna um að tryggja að meðferð á efnunum valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né umhverfi. Hætt er við að gæðum og áreiðanleika öryggisblaða hnigni þegar þýðingar eru unnar af öðrum en sérfræðingum í efnaöryggi með góða íslenskumáttu eða þegar þýðingar á heitum efnavora innihalda svo marga sérlenska stafi að leit af heitinu á Vefnum skilar litlum sem engum niðurstöðum. Ýmsar upplýsingar sem mikilvægar eru fyrir eftirnotendur til að tryggja örugga notkun, svo sem váhrifasviðsmyndir, koma úr öryggisskýrslum og skulu fylgja í viðauka við öryggisblöð. Í 4. mgr. 30. gr. laganna er heimilað að birta slíkar upplýsingar á ensku. Að lesa nauðsynlegar ráðstafanir út úr öryggisblöðum krefst þekkingar á efnaöryggi sem ólíklegt má teljast að fólk hafi án þess að hafa líka tungumálaþekkingu umfram íslensku. Þá er vert að minnast á það að í 4. mgr. 31. gr. REACH reglugerðar, þ.e. reglugerðar (ESB) nr. 1907/2006, um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni, segir að ef „eftirnotandi eða dreifandi fer ekki fram á það er ekki nauðsynlegt að láta öryggisblað fylgja hættulegum efnunum eða efnablöndum, sem eru boðnar eða seldar almenningu, ef þeim fylgja nægilegar upplýsingar til að notendur geti gert nauðsynlegar ráðstafanir að því er varðar heilsuvernd, öryggi og umhverfisvernd.“ Þannig er lögð áhersla á að notkunarleiðbeiningar og merkingar á vörunum séu nægar til að nota megi þær á öruggan hátt. Þegar er fyrir hendi krafa um að slíkar hættumerkingar séu á íslensku. Í ljósi framangreinds má draga í efa að krafa um íslenskun öryggisblaða skili auknu öryggi notenda efnanna, einkum þegar horft er til þeirrar vinnu og kostnaðar sem leggja þarf í slíka þýðingu svo að útkoman sé áreiðanleg. Í þessu samhengi er vert að benda á að öryggisblöð eru upplýsingablöð um eiginleika efna og efnablandna ásamt upplýsingum um meðhöndlun og meðferð þeirra.

Komi upp aðstæður þar sem að einstaklingur þarf að afla sér frekari upplýsinga í tengslum við upplýsingablaðið, t.a.m. á Vefnum, þá er gífurlegur munur á fjölda leitarniðurstaða eftir því hvort leitað sé eftir íslensku heiti efnis eða ensku og má þar af leiðandi færa rök fyrir því að það felist aukið öryggi í því að hafa blöðin á ensku. Sem dæmi má nefna efnið díklórómetan sem á ensku er skrifað dichloromethane. Vefleit (í Google) að þessu efni skilar 245 niðurstöðum á íslenska heitinu á meðan að leit eftir enska heitinu skilar rúmlega 1,4 milljón niðurstaða. Í þessu samhengi má einnig nefna þýðinguna hringлага alkön á efnaheitinu „cyclic alkane“ og arómöt á efnaheitinu „aromatic“ sem hvort tveggja eru algeng innihaldsefni í efnavörum. Jafnframt má nefna þýðingar á flóknari og óalgengari heitum, t.a.m. 2-oktýl-2h-ísóþíasol-3-ón sem skilar engum leitarniðurstaðum en það er íslensk þýðing á efnaheitinu 2-octyl-2h-isothiazol-3-one sem skilar rúmlega 16 þúsund leitarniðurstaðum.

Að framansögðu er lagt til að öryggisblöð þurfi ekki að vera á íslensku heldur megi valkvætt nota íslensku, ensku eða Norðurlandamál annað en finnsku.

Um 13. gr.

Lagt er til að vísað verði sérstaklega til þess í 2. málsl. 1. mgr. 32. gr. að þau atriði sem þar eru talin upp séu í samræmi við reglugerð, sbr. 11. gr. þar sem að í reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, og þeim Evrópugerðum sem innleiddar eru með þeirri reglugerð eru gerðar nokkuð ítarlegar kröfur varðandi framsetningu, útfærslu og fleiri atriði er varða hættusetningar, varnaðarsetningar, viðvörunarorð og hættumerki.

Um 14. og 15. gr.

Lögð er til breyting á fyrirsögn VII. kafla sem er í samræmi við að lagt er til að hugtökin plöntuverndarvörur og sæfivörur verði frekar notuð en hugtakið varnarefni.

Um 16. gr.

Breytingar þær sem lagðar eru til á 35. gr. efnalaga varða allar, fyrir utan eina, það að nota frekar, eftir því sem við á, hugtökin plöntuverndarvörur og sæfivörur en hugtakið varnarefni.

Í VIII. kafla reglugerðar Evrópusambandsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra er fjallað um svokölluð sambandsleyfi fyrir sæfivörum. Hugtakið sambandsleyfi er skilgreint í n. lið 1. tl. 3. gr. reglugerðarinnar sem stjórnvaldsáðgerð þar sem framkvæmdastjórnin heimilar að sæfivara, eða flokkur skyldra sæfivara, sé boðin fram á markaði og notuð á yfirráðasvæði Evrópusambandsins eða á hluta þess. Samkvæmt 41. gr. reglugerðarinnar skal sambandsleyfi

sem framkvæmdastjórnin gefur út í samræmi við reglugerðina gilda í öllu sambandinu nema annað sé tilgreint og því skulu fylgja öll réttindi og skyldur í hverju aðildarríki sem fylgja landsbundnu leyfi. Ferlinu við veitingu sambandsleyfa er lyst ítarlega í reglugerðinni en að því loknu, þ.e. þegar framkvæmdastjórninni berst álit Efnastofnunar Evrópu skal hún Annaðhvort samþykkja framkvæmdareglugerð til að veita Sambandsleyfi fyrir sæfivörunni eða framkvæmdarákvörðun þar sem því er lyst yfir að ekki hafi verið veitt sambandsleyfi fyrir sæfivörunni, sbr. 5. mgr. 44. gr. reglugerðarinnar. Við innleiðingu reglugerðarinnar var undirgrein baett við 5. mgr. 44. gr. reglugerðarinnar, sbr. e. liður 5. tl. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur og e. liður viðauka við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 225/2013 um breytingu á II. viðauka (tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Undirgreinin kveður á um að þegar framkvæmdastjórnin veitir sambandsleyfi eða ákveður að sambandsleyfi hafi ekki verið veitt skuli EFTA-ríkin taka samsvarandi ákvörðun samtímis, þ.e. áður en 30 dagar eru liðnir frá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar auk þess sem senda skal sameiginlegu EES-nefndinni upplýsingar um slíkar ákvarðanir en henni ber að birta þær reglulega í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Hvorki í efnalögum né reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur er þó kveðið á um hvernig staðið skuli að því að taka samsvarandi ákvörðun og framkvæmdastjórnin í samræmi við framangreinda undirgrein, þ.e. 6. mgr. 44. gr. sæfivöruleglerðarinnar (ESB). Umhverfisstofnun hafa nú þegar borist tilkynningar um útgáfu sambandsleyfa og tilkynningar um breytingu á sambandsleyfum í gegnum svokallaðan R4BP gagnagrunn Efnastofnunar Evrópu, sem notaður er til að koma tilkynningunum á framfæri til aðildarríkjanna auk þess sem óskað er eftir því að aðildarríkin samþykki sambandsleyfin fyrir sitt leyti. Stofnunin hefur nú þegar samþykkt fjögur af fimm sambandsleyfum í samráði við ráðuneytið, en við samþykktina var litið til þess fyrirkomulags sem notað er til að samþykkja markaðsleyfi samkvæmt REACH reglugerðinni. Þannig var sambandsleyfið samþykkt í framangreindum gagnagrunni Efnastofnunar Evrópu og veiting sambandsleyfisins auglýst í Lögbirtingablaði, (Sjá „Veiting sambandsleyfa samkvæmt reglugerð nr. 878/2014“, útg. númer 2108020075, útg. dagur 12.11.2018). Nauðsynlegt er að þessi stjórnavaldaðgerð sé skýr samkvæmt lögum og reglugerðum. Því er lagt til að í efnalögum verði kveðið á um hvernig staðið skuli að útgáfu sambandsleyfa og það síðan útfært nánar í reglugerð. Talið er eðlilegt að fyrirkomulagið verði sambærilegt útgáfu markaðsleyfa samkvæmt reglugerð nr. 888/2015 (REACH), sbr. 4. gr., en þar segir framkvæmdastjórnin taki ákvörðun um veitingu markaðsleyfis samkvæmt reglugerðinni og að Umhverfisstofnun staðfesti slíka ákvörðun innan 30 daga eftir að hún hefur verið birt með því að birta stutta samantekt um hana í Lögbirtingablaðinu. Þá er sérstaklega tekið fram að stofnunin skuli halda lista yfir útgefín markaðsleyfi á heimasíðu sinni. Því er í stafl. c. lagt til að bætt verði inn í greinina nýrri málsgrein sem kveði á um framangreint.

Um 17. 18., 19. og 20. gr.

Um er ræða breytingar í samræmi við að lagt er til að hugtökin plöntuverndarvörur og sæfivörur verði frekar notuð en hugtakið varnarefni.

Um 21. gr.

Í 45. gr. eru ákvæði varandi um kaup og viðtöku á eiturefnum þar sem kaupendum er gert að framvísa skilríkjum og kvitta fyrir móttöku. Í stafrænum heimi þar sem pappírlaus viðskipti skipa stöðugt hærri sess er lagt til að orðalag ákvæðisins verði breytt þannig að kveðið verði á um að kaupandi og viðtakandi skulu veita upplýsingar um til hvers og hvar nota skuli eiturefnið og framvísa skilríkjum til að staðfesta á sér deili. Þannig þarf seljandi eiturefna þá ekki að halda sölabók á pappír til að kvitta í, heldur einungis að taka við upplýsingum frá kaupanda um til hvers og hvar skuli nota eiturefnið sem hann nýrir til að halda skrá yfir sölu eiturefna, sbr. 24. gr. efnalaga. Umhverfisstofnun hefur til skoðunar þá tilhögun að bjóða kaupendum upp á að hlaða niður af vefsíðu stofnunarinnar stöðluðum eyðublöðum sem þeir geta fyllt inn viðeigandi upplýsingar og afhent seljanda við kaup á eiturefni. Til samræmis er gerð tillaga um að breyta orðalagi í 3. ml. 1. mgr. 24. gr. laganna, sbr. nánar umfjöllun um stafl. c. 11. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Um er ræða breytingar í samræmi við að lagt er til að hugtökin plöntuverndarvörur og útrýmingarefni verði frekar notuð en hugtakið varnarefni.

Um 23. gr.

Í stafl. a., b. og e. er um að ræða breytingar í samræmi við að lagt er til að hugtökin plöntuverndarvörur og útrýmingarefni verði frekar notuð en hugtakið varnarefni.

Í 47. gr. efnalaga er kveðið á um notendaleyfi vegna útrýmingarefna og plöntuverndarvara. Í 3. mgr. ákvæðisins segir að notendaleyfi skuli gefin út til tiltekins tíma og gilda að hámarki í fimm ár. Í norskri reglugerð um meindýravarnir (Forskrift om skadedyrbekjempelse) eru notendaleyfi veitt til tíu ára í stað fimm ára en ekki kveðið á um hámarksgildistíma notendaleyfa. Lagt er til að notendaleyfi verði veitt til átta ára í senn, með heimild til framleingar í allt að tvö ár ef umsækjandi hefur ekki komist á námskeið, en þátttaka í því yrði skilyrði endurnýjunar. Þannig gefst viðkomandi tækifæri í tvö ár til þess sækja námskeiðið, en nauðsynlegt er að hafa tímabilið svo langt þar sem að námskeið eru að jafnaði einungis haldin annað hvert ár. Samhliða er lagt til gerð verði krafa um viðhald þekkingar þegar notendaleyfi eru endurnýjuð.

Um 24. gr.

Í stafl. a. er lagt til að ákvæði efnalaga um gjaltdökuehimildir vegna veitingar markaðsleyfa verði uppfært í samræmi við það að hætt verði að nota hugtakið varnarefni. Þá er í stafl. b. lagt til að sett verði inn heimild til handa Umhverfisstofnun vegna útgáfu vottorða fyrir ábyrgðaraðila, sbr. 24. gr. efnalaga. Í stafl. c. er lagt til að 7. tölul. 1. mgr. 54. gr. verði felldur á brott að því gefnu að Umhverfisstofnun hætti alfarið að gefa út skráningarnúmer fyrir tollafgreiðslu, sjá nánar umfjöllun um 9. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. 54. gr. er að finna heimild ráðherra til að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu, eftirlit og verkefni sem stofnuninni er falið að annast. Lagt er til í stafl. d. að bæta við skýrri gjaltdökuehimild vegna beitinga þvingunarúrræða í eftirfylgnimálum sem kveðið er á um í gjaldskrá Umhverfisstofnunar

Um 25. og 26. gr.

Lögð er til breyting á fyrirsögn XIII. kafla þar sem bætt verði við í fyrirsögnina bráðabirgðaúrræði.

Breytingin sem er lögð til á 57. gr. efnalaga er gerð til að auka skýrleika. „Tímabundin stöðvun markaðssetningar“ er talið vera þjálla hugtak en „Stöðvun markaðssetningar um stundarsakir“, m.a. með hliðsjón af upplýsingaskyldu og fréttaskrifum Umhverfisstofnunarinnar

Nokkur tilfelli hafa komið upp þar sem beiting þvingunarúrræða XIII. kafla efnalaga hafa valdið vandkvæðum, en þau varða einna helst skilgreiningu hugtaksins markaðssetning en einnig kröfur um förgun hjá viðurkenndum aðilum spilliefna.

Eins og fram kemur í umfjöllun um 1. gr. frumvarpsins er hugtakið markaðssetning skilgreint sem „það að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir lög þessi eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur er markaðssetning“, sbr. 22. tölul. 3. gr. efnalaga. Hugtakið innflutningur er síðan skilgreint í 18. tölul. sem „flutningur efnis, efnablöndu eða efna í hlutum inn á Evrópska efnahagssvæðið frá ríkjum utan svæðisins.“ Jafnframt hefur komið fram er skilgreining hugtakanna mismunandi í þeim reglugerðum sem efnalögin innleiða. Umhverfisstofnun er heimilt að stöðva markaðssetningu efna, efnablandna eða hluta sem innihalda efni um stundarsakir eða varanlega sbr. 57. og 58. gr. efnalaga en sökum framangreindra skilgreininga hafa komið upp tilfelli þar sem stofnuninni hefur ekki verið staett að stöðva markaðssetningu þrátt fyrir að tilefni hafi verið til. Þessi aðstaða getur til að mynda komið upp þegar að fyrirtæki flytur inn efni eða efnablöndu frá ríki innan EES sem ekki uppfyllir skilyrði efnalaga en notar vöruna einungis til eigin nota, t.a.m. við efnavöruframleiðslu.

Um 27. gr.

Í stafl. a. og b. er um að ræða breytingar í samræmi við að lagt er til að hugtokin plöntuverndarvörur, sæfivörur og útrýmingarefni verði frekar notuð en hugtakið varnarefni.

Í stafl. c. og d. er bætt inn ákvæðum í 62. gr. efnalaga um í hvaða tilvikum hægt er að beita stjórnvaldsektum.

Í ljósi tilkomu kvótasetningar á markaðssetningu vetrnisflúorkolefna þarf að bæta við 62. gr. heimildum til beitingar stjórnvaldssektu vegna brota gegn ákvæðum um markaðssetningu flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, sbr. 44. gr. b. efnalaga og ákvæðum um magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, sbr. 44. gr. c laganna. Viðurlög efnalaga hafa ekki verið notuð í framkvæmd. Það gæti breyst með tilkomu reglugerð nr. 590/2018 um stjórnvaldsektir fyrir brot á efnalögum sem sett var vorið 2018 auk þess sem til þess gæti komið að stofnunin leggi halð á efni eða efnablöndur.

Eldsneytisborgjar skulu draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr eldsneyti og afhentri orku, sbr. 47. gr. m. um allt að 10% fyrir 31. desember 2020. Birgjar skila árlegri skýrslu

þar sem hægt er að vakta þessa minnkun. Sé þessum kröfum ekki mætt þarf heimild til beitingar stjórnvaldssekta og því lagt til að ákvæðum um það verði bætt við 62. gr. efnalaga.

Um 28. gr.

Breytingin sem lögð er til á ákvæði til bráðabirgða varðar fyrst og fremst Umhverfisstofnun hafi heimild til að fella úr gildi óparfa tímabundnar skráningar þar sem að það skapar umtalsverða óparfa vinnu.

Um 29. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 30. gr.

Gildistaka.

Gert er tillaga um að lögini, verði frumvarp þetta að lögum, öðlist gildi 1. júlí 2019.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. febrúar 2019
Tilvísun: 2019010418/50.12

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. S-44/2019, frumvarp um breytingu á efnaögum, nr. 61/2013

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið til umsagnar mál umhverfis- og auðlindaráðuneytis nr. S-44/2019 á samradsgatt.is, frumvarp um breytingu á efnalögum, nr. 61/2013.

Í frumvarpinu er boðuð einföldun á löggjöfinni og skýrari verkaskipting á milli eftirlitsaðila auk smávægilegra og nauðsynlegra breytinga. Vísað er til umsagnar HER dags. 31. janúar sl. um fyrihugaðar breytingar á lögnum en í þeirri umsögn lagði HER áherslu á tvö atriði, þ.e. að fella þurfi brott 4. málsl. 6. gr. laganna og að öll stjórnvöld hefðu sömu úrræði til að þvinga fram úrbætur. Á þetta sérstaklega við stjórnavldssektir til viðbótar þvingunarúrræðum sbr. lög nr. 7/1998 m.s.b. HER hefur farið yfir frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir:

HER ítrekar athugasemdir í fyrri umsögnum við það fyrirkomulag að heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga (HES) sé falið eftirlit skv. lögnum án þess að því fylgi þvingunarúrræði, þ.m.t. stjórnavldssektir. Öllu eftirliti sem fram fer í fyrirtækjum með starfsleyfi heilbrigðisnefndar ættu þvingunarúrræði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.b. að eiga við. HER bendir á að nú hafa HES fengið heimild til að beita stjórnavldssektum vegna eftirlits með frjálsu flæði ferskrar búvöru skv. matvælalögum og því eðlilegt að slíkt úrræði sé til staðar fyrir öll stjórnvöld sem sinna eftirliti skv. efnalögum.

Skv. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að 4. töluliður 6. gr. laganna verði felldur niður. Í stað þess að HES þurfi að *senda* niðurstöður eftirlits hefur því verið bætt inn í 2. tölulið 6. gr. að HES skuli þess í stað *tilkynna* UST ef grunur um brot kvíknar við eftirlit. Að mati HER er þetta óskilvirkt fyrirkomulag. Í stað þess að sami eftirlitsaðili bregðist við brotinu og geri úrbótakröfur er lagt til að málid verði sent til annars stjórnavlds sem síðan þarf að fylgja málinu eftir. Erfitt er að sjá hvernig þetta fyrirkomulag á að virka: Á UST að senda úrbótakröfu og HES að fara í eftirfylgnieftirlit til að kanna hvort kröfum sé framfylgt? Ekki fæst séð að eftirlitsaðilar frá UST hafi heimild til að koma í eftirlit í fyrirtæki á starfsleyfi frá HES. Að mati HER er þetta óþarfa flækjustig með tilheyrandi kostnaði fyrir eftirlitsþegann. Markmið setningu efnalaganna 2013 var m.a. að ná fram einföldun á eftirlitinu sem erfitt er að sjá að náist hér.



HER vill einnig benda á að erfitt er að viðhalda nauðsynlegri sérþekkingu á efnavörueftirliti eftir að stærsti hluti eftirlitsins fluttist til UST og sú sérþekking sem var til staðar hjá HER fluttist þangað. Ekki er kostnaðargrundvöllur fyrir starfmanni sem sinnir slíku í fullu starfi og engin fræðslutilboð til staðar. HER telur því nauðsynlegt að UST sjái um fræðslu fyrir heilbrigðisfulltrúa í efnavörueftirliti til að unnt sé að rækja eftirlitshlutverk HES á fullnægjandi hátt.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur áskilur sér rétt til umsagna á seinni stigum málsins.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Arny Sigurðardóttir

Árny Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri

Svava S. Steinarsdóttir

Svava S. Steinarsdóttir
heilbrigðisfulltrúi